

Afhjúpun minnisvarða um Vilhjálmm Einarsson

Skrifað af Davíð Þór Sigurðarson
Þriðjudagur, 01 Nóvember 2016 17:06

Á

Þann 27. nóvember n.k. verða 60 ár liðin frá því Vilhjálmm Einarsson stökk 16.25 metra í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu. Á Þetta stökk var nýtt Ólympíumet, sem stóð í tvo klukktíma en þá bætti Brasilíumaðurinn Ferreira Da Silva það með stökki sínu upp á 16,35 metra í fjórðu tilraun. Vilhjálmm endaði þar með í öðru sæti og varð fyrsti Íslendingurinn til að komast á verðlaunapall á Ólympíuleikum. Þetta var frábær frammistaða hjá Vilhjálmi og er hann eini Íslenski einstaklingurinn sem hefur náð öðru sæti í frjálsum íþróttum á Ólympíuleikum.

Af þessu tilefni hefur verið reistur minnisvarði um þetta glæsilega afrek Vilhjálms á flötinni fyrir framan Vilhjálmsvöll. Á Minnisvarðinn sýnir í fullri stærð lengd stökksins 16.25 metrar og ber hann Á heitið „Silfurstökkið“. Á

Afhjúpun minnisvarðans fer fram með athöfn laugardaginn 5. nóvember kl. 15.00 við Hettuna á Egilsstöðum.

Minnisvarðinn er reistur að frumkvæði Íþróttafélagsins Hattar og Fljótsdalshéraðs. Á Verkið er útfært af Vilhjálmi í samvinnu við MSV og VHE. Eftirtalin fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök styrktu verkefnið:

Fljótsdalshérað, Íþróttafélagið Höttur, MSV stál & vélar, VHE vélaverkstæði, Rotarý á Egilsstöðum, Hitaveita Egilsstaða og Fella, Efla verkfræðistofa, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Betra bak, Brúnás innréttingar, Vaskur, Keiluhöllin, Hamborgarafabrikan, MVA, Islingua, Jónsmenn, PES vefum og hönnum, Alcoa, Ungmenna og íþróttasamband Austurlands, Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og ólympíusamband Íslands.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Þór Sigurðarson, formaður Hattar í síma 843 7785.